

Stjórnarfundur 28. ágúst 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, María Gunnarsdóttir, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Krístrún Ágústsdóttir, Heiðrún Sigurðardóttir, Svafar Magnússon, Leifur Arason og Þórir Örn Grétarsson

Málefni tekin fyrir:

- 1. Nýr framkvæmdarstjóri**
Nýr framkvæmdarstjóri Fáks, Þórir Örn Grétarsson, boðinn velkominn til starfa
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
Borin upp og samþykkt samhljóða.
- 3. Starfsemi fyrir fatlaða**
Stjórninni hefur borist bréf þar sem kvartað er yfir aðstöðuleysi í reiðhöllinni fyrir starfssemi sjúkrahjálfunar á hestbaki. Stjórn Fáks hefur mikinn áhuga á að styðja við starfssemi sem þessa og styður nauðsynlegar úrbætur á aðstöðunni. Lagt til að rætt verði við forsvarsmenn starfsseminnar um hugmyndir og úrfærslur.
Reykjavíkurborg hefur einnig lýst yfir áhuga á að halda hesthúsunum í neðri Fáki (við Sprengisand) opnum fyrir starfssemi sem tengist t.d. eldri borgurum, fötluðum og/eða börnum.
- 4. Salir og veitingaþjónusta**
Rekstur á veislusölum Fáks (í reiðhöll og félagsheimili) hefur ekki gengið sem skyldi. Lagt til að rætt verði við rekstraraðila um áætlanir og efndir, og forsendur nýs samnings skoðaðar.
- 5. Reiðskólar og hestaleigur**
Rætt um rekstur reiðskóla á Fákssvæðinu eftir sumarið. Stjórn leggur til að núverandi samningum verði sagt upp vegna slæmrar umgengni og boðað verði til fundar með forsvarsmönnum þeirra þar sem forsendur nýrra samninga verða skoðaðar.
Einnig lagt til að fundað verði með forsvarsmönnum hestaleiganna nú á haustdögum þar sem forsendur sambærilegra samninga verða ræddar.
- 6. Vinnuskúrar, gámar og önnur umgengni lóðum á Fákssvæðinu**
Rætt um slæma umgengni og óþryði af vinnuskúrum/gámum sem eru í óleyfi við Brekknaás og á einstaka lóðum í Almannadal.
- 7. Vinnufundur stjórnar**
Stjórnin mun hittast seinnipartinn í september og halda vinnufund þar sem farið verður yfir brýn mál sem liggja fyrir og skipulag komandi misseris.
- 8. Reiðhöllin**
Reiðhöllin hefur mátt muna sinn fífil fegri; þar er ýmislegt sem þarf að dytta að og laga. Lagt til að stjórn reiðhallarinnar taki saman lista yfir þau atriði sem ganga fyrir í framkvæmdum.
- 9. Meistaradeild æskunnar**
Stjórn Fáks samþykkir að Meistaradeild æskunnar verði haldin í TM Reiðhöllinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Hj. Bergstað.
Hafnín Sg.